

Kennsluáætlun í ensku

Hæfnisviðmið í ensku eru sett fram í sjö mismunandi flokkum, **hlustun , lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni**. Mikilvægt er að vinna að markmiðunum í öllum flokkum til þess að glæða áhuga nemenda og auka skilning þeirra á þeim. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2013 segir: „Hæfni nemenda í færniþáttum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi“.

Námsáætlun gerir ráð fyrir að unnið sé í þriggja stiga ramma til að auðvelda skipulag á einstaklingmiðuðu námi þar sem hæfni nemenda eru misjöfn.

Tími	Markmið	Námsþættir/viðfangs efni	Kennslugögn	Námsmat
Haut - vor	Hlustun Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">• geti skilið einfalt mál er varðar þá sjálfa og nánasta umhverfi þegar talað er skýrt• geti skilið það mál sem notað er í kennslustofunni með orðum eða athöfnum• geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnugleg efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.	Hello! Words in English. Telephone number Colours Clothes Family Head and shoulders. Fingers. Body parts. Old McDonald. Animals. Fruit:	Right on! Vinnubók Verkefnablöð Adventure island	Símat

Lesskilningur

Að nemendur:

- geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum

Samskipti

Að nemendur:

- geti haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum
- geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur þeim næst
- geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar

Frásögn

Að nemendur:

- geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum

Weather:

Happy birthday!:

Santa Claus:

Christmas:

Halloween:

Söguramminn Pirates

Ritun

Að nemendur:

- geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist þeim persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinamerki eins og punkta og spurningamerki

Menningarläsi

Að nemendur:

- geti sýnt fram á að þeir kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s. s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í þeirra eigin menningu

Námshæfni

Að nemendur:

- geti sett sér einföld markmið og leggi mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf